

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um starfslokaaldur
hjá opinberum hlutafélögum í eigu ríkisins.

Frá Birgi Þórarinssyni.

1. Hvaða reglur gilda um starfslok starfsmanna sem starfa hjá hlutafélagi sem er að fullu í eigu ríkisins? Eru þessar reglur mismunandi milli opinberra hlutafélaga (ohf.)?
2. Hafa ríkisstarfsmenn haldið áunnum réttindum sínum hvað starfslok varðar þegar ríkisfyrirtæki er breytt í opinbert hlutafélag? Hefur verið farið með þessi réttindi með mismunandi hætti milli opinberra hlutafélaga?
3. Hversu mörgum hefur verið sagt upp störfum vegna aldurs hjá hlutafélögum að fullu í eigu ríkisins sl. 4 ár? Um hvaða hlutafélög var að ræða?
4. Við hve marga þeirra starfsmanna sem vísað er til í 3. tölul. var gerður starfslokasamningur sem fól í sér betri kjör en fólust í almennum ákvæðum kjarasamninga?
5. Hver var aldur þeirra starfsmanna sem var sagt upp vegna aldurs?
6. Hver er skoðun ráðherra á því að sömu reglur eigi að gilda um starfslok ríkisstarfsmanna og starfsmanna hjá hlutafélagi að fullu í eigu ríkisins?

Skriflegt svar óskast.

